Náttúrufræðistofnun

Hvalfjarðarsveit

Helga Harðardóttir

Innrimel 3

301 AKRANES

Garðabær, 21. október 2025

Málsnúmer: 202510-0006

IAS

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Galtarlækur. Athafna- og hafnarsvæði.

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar frá 2. október 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 202-2032 vegna athafna og hafnarsvæðis við Galtarlæk.

Hvalfjarðarsveit vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að athafnasvæði AF15 á Galtarlæk stækkar og umfang starfseminnar eykst. Nýtt hafnarsvæði í landi jarðarinnar Galtarlæk (L133627) verður skilgreint neðan athafnasvæðisins. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi skipulagi. Innan þess er lítið athafnasvæði og strandsvæði við fjöruna.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsingu sama máls og ítrekar hér fyrri athugasemdir.

Skipulagssvæðið er í nágrenni við svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela (Hvalfjörður) og það er í næsta nágrenni við þrjú svæði á C-hluta náttúruminjaskrár. Það eru Hvalfjarðarströnd (nr. 235), Ósmelur og Hvalfjarðareyri (nr. 138) og Laxárvogur g Laxá í Kjós (nr. 134).

Skipulagssvæðið virðist af loftmyndum og vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar að dæma vera fremur vel gróið og gróðursnauðir melar ekki einkennandi líkt og kemur fram í skipulagslýsingunni. Gróður virðist einna helst blanda mólendis, graslendis og votlendis og í minna mæli moslendi og melagróðri. Skjónaholt, sem í vistgerðakorti er blanda moslendis, mólendis og melavistgerða, virðist nokkuð vaxið mólendisgróðri. Votlendi er einkum ofan Hléseyjarvegar og norðan og sunnan Skjónaholts. Það hefur nokkuð verið ræst fram og á vistgerðakorti er það að flokkast sem grasengjavist, snarrótarvist og língresis- og vingulsvist. Þetta gefur til kynna að framræsla hafi þurrkað votlendið og það sé grasgefið. Þessar vistgerðir hafa þó hátt verndargildi. Þá eru fjöruvistgerðir með hátt verndargildi við ströndina.

Fremur fáar æðplöntuskráningar eru til frá þessu svæði og eru flestar þeirra algengar tegundir. Gullstör (Carex viridula) er skráð á svæðinu, hún er fremur sjaldgæf en einna algengust á Suðvesturlandi og í Þingeyjarsýslum. Engar æðplöntutegundir á válista eru skráðar á svæðinu samkvæmt gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir, þar með taldar fjöruvistgerðir. Þá má benda á að bæði votlendi og framræst land, bindur kolefni í jarðvegi sem gæti losnað við framkvæmdirnar.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur